

## Fundargerð

3. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 10. nóvember 2020 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, Björg Ágústsdóttir, Björgvin Víkingsson, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 2. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda.

### 2. Fastanefndir og starfsnefndir – mönnun og markmið

Farið yfir skipan nefnda sbr. umræður á síðasta fundi. Skipan er í góðum farvegi. Stefnt að ljúka málinu á næsta stjórnarfundi.

### 3. Stefnumörkun stjórnar

Haldið áfram að ræða um stefnumörkun. Formaður lagði til að þetta málefni yrði tekið á góðum vinnufundi í mannheimum, sem vonandi tekst á næstu vikum.

### 4. Fjármál

Gjaldkeri og varaformaður ræddu um fjármál hreyfingarinnar og skilyrði í bankakerfinu.

### 5. Uppskeruhátíð FRÍ

Formaður fer yfir störf starfshópsins og tillögur að útnefningarflokkum. Stefnt að útnefningum miðvikudaginn 2. des sem að hluta til færi fram rafrænt.

### 6. Þjóðarleikvangur.

Óskað eftir tilnefningum frá FRÍ í starfshóp mennta- og menningarmálaráðuneytisins um nýjan þjóðarleikvang. Formanni falið að ganga frá tilnefningum.

### 7. Önnur mál

a. Þinggerð. Gert grein fyrir að þinggerðin er á fljúgandi ferð og í vinnslu.

b. Afreksúthlutun, seinni úthlutun. Afreksstjóri gerir grein fyrir vinnu og söfnun upplýsinga. Árið ekki hefðbundið miðað við fyrri úthlutanir þ.a. það hefur reynst tímafreakara en ella að ná lokaskrefunum fram.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:50 með því að fundarmenn fóru yfir bestu tíma í 400 m grind karla og kvenna frá síðustu aldamótum og lýstu einstaka viðburðum.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*